



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2021 / 2022
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	31. maí 2024
Svið:	
Unnið af:	Birkir Ingibjartsson
Verkefni/tillaga:	Endurbætur á göngustígum í hverfinu
Þjónustuþáttur:	Endurbætur
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	25.000.000 kr/ári
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Steypt göngustígur í hverfinu eru víða orðnir illa farnir og brotnir sem getur skapað hættu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Sérstaklega getur þetta valdið vandræðum fyrir börnum á hjólum/hlaupahjólum/hjólaskautum eða þeim sem notast við einhverskonar gönguhjálp. Góðir göngu- og hjólastígar innan hverfisins eru lykilatriði í að tryggja að fólk nýti virka ferðamáta í sem mestum mæli.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Nei

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.

Allir íbúar hverfisins.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.

Bættar aðstæður á göngu- og hjólastígum fyrir börn og þau sem búa við skerta hreyfigetu að einhverjum mæli skiptir lykilmáli í að tryggja aðgengi þeirra að þeirri þjónustu sem er innan hverfisins.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

-

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.